

## Framkvæmdastjóri Alþjóðajarðhitasambandsins

Íslendingar taka að sér rekstur skrifstofu Alþjóðajarðhitasambandsins (International Geothermal Association, IGA) í fimm ár, frá 1. sept 2004.

Samorka, samtök orkufyrirtækja á Íslandi, ásamt stjórnvöldum standa að flutningi og rekstri skrifstofunnar. Samorka mun annast daglegan rekstur hennar.

Samorka auglýsir eftir starfsmanni til fimm ára í nýja stöðu framkvæmdastjóra IGA (hálf stöðugildi) og kynningarfulltrúa íslenskrar jarðhitaþekkingar (hálf stöðugildi).

## IGA:

Alþjóðajarðhitasambandið, IGA, sem er alþjóðleg samtök jarðhitafélaga og einstaklinga, var stofnað árið 1988. Ísland er aðili að samtökunum. Tilgangur sambandsins er að efla jarðhitaþekkingu og stuðla að hagkvæmri nýtingu jarðhita um allan heim. Aðilar að samtökunum eru yfir 2000 í 65 löndum.

## Starfslýsing:

### Framkvæmdastjóri IGA

Helstu verkefni skrifstofu IGA eru að: Halda utan um rekstur sambandsins, innheimta félagsgjöld, sjá um bókhald, annast útgáfu fréttablaðs og sjá um félagatal, skipuleggja og sitja stjórnarfundum IGA (sem haldnir eru víða um heim), rita- og ganga frá fundargerð og fundargögnum, sjá um framkvæmd vissra verkefna í samráði við fagnefndir sambandsins og sjá um stjórnarkjör sambandsins á þriggja ára fresti.

### Kynningarfulltrúi íslensks jarðhita

Helstu verkefni kynningarfulltrúa eru að: Standa að kynningu jarðhitanotkunar á Íslandi, annast gerð kynningarefnis um orkuframleiðslu og almenna nýtingu jarðhita á Íslandi og svara fyrirspurnum innanlands og frá útlöndum um jarðhita á Íslandi.

## Hæfniskröfur:

Umsækjandi skal hafa háskólamenntun og greinagóða þekkingu á jarðhitamálum ásamt starfsreynslu í jarðhitaverkefnum. Góð enskukunnátta og ritfærni í ensku og íslensku er nauðsynleg ásamt kunnáttu í notkun tölva við ritvinnslu, töflureikna og gerð kynningarefnis og vefsíða.

Frekari upplýsingar veitir Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri Samorku

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2004

Ýtarlegri upplýsingar, m.a. starfslýsing eru á heimsíðu Samorku: [www.samorka.is](http://www.samorka.is)